



**Brunavarnir Austur-Húnavatnssýslu**  
**Fundargerð**  
**18. júlí 2017**

Fimmtudaginn 1. júní 2017 kom stjórn Brunavarna A-Húnavatnssýslu saman til fundar á skrifstofu Blönduósbæjar kl. 15:00. Mæting skv. undirskriftum.

**Dagskrá:**

1. Ársreikningur 2016
2. Slökkvibíll – Slökkviliðsstjóri kynnr nyjan slökkvibíll
3. Önnur mál

**Afgreiðslur:**

Arnar Þór Sævarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Arnar Þór Sævarsson var skipaður fundarritari.

**Dagskráliður 1**

Arnar Þór Sævarson kynnti ársreikning ársins 2016. Helstu niðurstöður ársins eru: Rekstrartekjur 1.228.145 en áætlaðar tekjur voru kr. 450.000. Rekstrargjöld krónur 12.802.711 en áætlað var kr. 18.297.619. Framlög sveitarfélaga voru á árinu 2016 18.000.000. Bókfært eigið fé félagsins í árslok nam 15,4 m.kr. Rekstrarniðurstaða ársins, hagnaður krónur 6.418.175 en áætlaður hagnður ársins 2016 var kr. 152.381. Handbært fé í árslok krónur 402.408. Ársreikningur 2016 borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

Arnar Þór yfir helstu atriði í rekstri BAH. Haldnir voru 2 stjórnarfundir Brunavarna Austur Húnavatnssýslu (eftirleiðis BAH) á starfsárinu 2016.

Haldnar voru reglulegar æfingar á árinu 2016. Fjöldi útkalla voru færri en á árinu á undan eða 4 útköll á móti 12 útköllum árið 2015.

**Dagskrárlíður 2**

Þann 15. júlí sl., var kynntur ný MAN slökkvibílfreið sem keypt var af Feuerwehrtechnikberlin. Bífreiðin er vel útbúin, 6000 l vatnstanki, 500 l froðutankur og öllu nauðsynlegum aukabúnaði sem velútbúin slökkvibílfreið þarf að hafa.

Stjórn BAH er afar stolt yfir þessum áfanga og má segja að nú hafi verið brotið blað í sögu BAH með þessari glæsilegu slökkvibílfreið.

Stjórn BAH vill þakka slökkviliðsstjóra fyrir hans vinnuframlag í tengslum við kaupin á bífreiðinni.

**Dagskrárliður 3**  
Önnur mál engin.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15.40

Valdimar Guðmannsson (sign)

Arnar Þór Sævarsson (sign)

Þorleifur Ingvarsson (sign)

Jón Jóhannesson (sign)